

Fundargerð

Fjórði fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæðið norðan Dyrfjalla og náttúrvættið Stórurð.

Fundur á Teams 28. mars 2023 kl. 13:00

Þátttakendur:

Davíð Örvar Hansson og Lára Björnsdóttir f.h. Umhverfisstofnunar.
Aðalbjörg Sigmarsdóttir og Guðmundur Sigmarsson f.h. landeigenda Hrafnbjarga.
Sigurður Thoroddsen landeigandi Sandbrekku

Ása M. Einarsdóttir, FSRE og Eyþór Stefánsson, heimastjórn Borgarfjarðar boðuðu forföll.

Markmið fundar

Upplýst um stöðu mála.

Fara yfir athugasemdir við stjórnunar- og verndaráætlun.

Önnur mál.

Fundarefni

Vegna forfalla var ákveðið að fyrst og fremst gæfist þeim sem á fundinn voru komin tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri. Þó var rætt um fyrirhugaðan íbúafund í Hjaltalundi.

Davíð bar upp tillögu að auglýsingu um íbúafund sem stefnt er að því að birta í Dagskránni á austurlandi. Gerðar leiðréttigar á texta en að öðru leiti ekki gerðar athugasemdir.

Rætt var um útsendingu á fundinum. DÖH efins um kostnað við að fljúga tæknimanni að sunnan til að senda fundinn út en rætt um möguleikann á að fá aðila í héraði til þess að sjá um útsendingu. Fundarmenn lögðu áherslu á að fá svör við því hvort fundur yrði sendur út en jafnframt þótti æskilegt að fundur yrði sendur út eða tekinn upp svo þeir sem ekki kæmust gætu fylgst með. DÖH skoðar og svarar til um útsendingu í vikunni.

Rætt um reiðleið frá Sandbrekku að Unaósi. Guðmundur upplýsti að hann hefði rætt við starfsmann Eflu sem sinnir skipulagsmálum fyrir Múlaþing, eða a.m.k. vegna breytinga á aðalskipulagi sem lagði til að landeigendur sendu inn athugasemd/ábendingu vegna endurnýjunar aðalskipulags þegar auglýst verður um upphaf vinnu við endurskoðun. Aðalskipulag stangast á við deiliskipulag Hrafnbjarga auk þess sem reiðleiðin liggar um hlað á Sandbrekku og Hrafnbjörgum og um urðirnar milli Hrafnbjarga og Unaóss sem skapar bæði hættu fyrir fólk og náttúrufar.

Lögð var áhersla á að skoðað yrði hvort smalamennska með dróna væri heimil í Stórvurð m.v. friðlýsingaskilmála.

Rætt almennt um tjöldun sem skv. friðlýsingaskilmálum er aðeins heimil á skilgreindum tjaldsvæðum eða við hús á svæðinu með leyfi landeigenda. Landeigendur á Hrafnabjörgum bentu á að ekki er aðgengi að húsum þeirra á húsbílum eða með ferðavagna og því ekki hægt að framfylgja því að gista aðeins við hús. Rætt var að eðlilegt væri að heimilt væri að gista í húsbílum eða ferðavögnum á bílastæði þeirra á Hrafnabjörgum, handan Selfljóts enda væri það hluti innviða þeirra.

Rætt um merkingar. Gert er ráð fyrir fjármagni í skilti 2023. Mikilvægt talið að merkja svæðið, að um friðlýst svæði sé að ræða svo vegfarendur geri sér grein fyrir að verið sé að koma inn á svæði þar sem sérstakar reglur gilda.

Rætt um slóða stangveiðimanna sem veiða í Selfljóti. Mögulega þarf að fjalla um veiðislóða sem oft virðast vera gamlir slóðar sem hefð er fyrir að nýta en falla ekki innan vegkerfisins og flokkast því sem utanvegaakstur skv. lögum.

Rætt um seli í selfljóti. Talin óyggjandi heimild fyrir því að selur sé fældur eða skotinn þegar hann er kominn í ós eða upp í veiðíar skv. heimild veiðifélags. Þó verður mótsögn í því þegar dýr á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands eru skotin á friðlýstu svæði. Ekki talið eðlilegt að banna það að vinna gegn selum í fljótinu en mikilvægt að ávarpa málið í stjórnunar- og verndaráætlun svo ljóst sé að málið hafi verið rætt og settur rammi um það.

Að lokum kom fram ósk Umhverfisstofnunar að meðlimir samstarfshóps veltu fyrir sér hvernig æskilegt væri að fjalla um viðhald húsa innan svæðis, en í skilmálum var vísað til þess að nánar yrði fjallað um viðhald í stjórn- og vernd. Sérstaklega rætt um hvernig eðlilegt sé að taka á málum þegar uppbygging á sér stað í kjölfar bruna líkt og um er að ræða á Unaósi þar sem útihús brunnu nýverið. Skv. skilmálum eru framkvæmdir háðar leyfi Umhverfisstofnunar en þegar um endurbyggingu húsa sem verða fyrir tjóni, í sömu mynd, gæti slíkt rúmast innan ramma - eða hvað?

Tökum umræðu á næsta fundi.

Næstu skref

Funda þarf fljótlega aftur en ólíklegt að það náiist fyrir íbúafund- þó ekki útilokað.

Davíð boðar næsta fund og undirbýr íbúafund.

Davíð athugar með hvaða hætti fundur verður sendur út eða tekinn upp.

Umhverfisstofnun vinnur áfram að drögum áætlunar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:50.